



Reglugerð HSÍ um búninga

1. gr. Búningur

Keppnisbúningur handknattleiksliðs er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við leikreglurnar eins og annar búnaður leikmanns.

2. gr. Litir búnings

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings.

Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.

3. gr. Keppnistreyja

Á keppnistreyju skal vera og númer leikmanns í samræmi við leikskýrslu. Númer skulu vera bæði framan og aftan á keppnistreyju. Stærð númers framan á keppnistreyju skal vera að lágmarki 10 cm. Stærð númers aftan á keppnistreyju skal vera að lágmarki 20 cm.

Framan á keppnistreyju skal vera merki félags.

HSÍ á rétt á að aðildarfélög sambandsins láti eftir vinstri ermi á keppnispeysu sinni fyrir auglýsingu í meistaraflokki karla og kvenna. HSÍ ber og kostnað vegna ásetningar á auglýsingunni og fær jafnframt allan hagnað af henni.

4. gr. Merkingar og auglýsingar á keppnisbúningi

Auglýsingar og merkingar skulu vera eins á öllum keppnisbúningum sama liðs fyrir utan tölustafi í númeri.

Merkingar og auglýsingar skulu vera þannig að aðallitir búningsins séu vel greinanlegir.

Auglýsing má ekki varða vörutegund eða þjónustu sem brýtur gegn hugsjónum íþróttamanna, lögum HSÍ og landslögum.

5. gr. Viðurlög



Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til dómstóls HSÍ meintum brotum á reglugerð þessari. Málsmeðferð fer samkvæmt lögum HSÍ um dómstól HSÍ og getur dómstóllinn beitt þeim viðurlögum sem þar er getið.

6. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum

Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.